

Coripharma ehf.
Reykjavíkurvegi 78-80
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 26. janúar 2021
UST202003-312/H.S.J.
08.09.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 14.12.2020, hjá Coripharma ehf.

Þann 14. desember sl. fór fram eftirlit í lyfjaframleiðslu Coripharma ehf., Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en tvö frávík komu fram er varða:

1. 7. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Óheimilt er að losa efni á lista II í viðauka reglugerðar um varnir gegn mengun vatns án sérstakrar heimildar og losunarmarka í starfsleyfi. Slík heimild er ekki í starfsleyfi rekstraraðila. Efni á lista II mældust í vatnssýnum úr fráveitu rekstraraðila í september sl.
2. 7. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Óheimilt er að losa efni á lista II í viðauka reglugerðar um varnir gegn mengun vatns án sérstakrar heimildar og losunarmarka í starfsleyfi. Slík heimild er ekki í starfsleyfi rekstraraðila. Efni á lista II mældust í vatnssýnum úr fráveitu rekstraraðila í mars 2019.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. febrúar 2021.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur